Nr. 21.
13.
sept.

# Lög,

er

## banna að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá Íslandi skal fyrst um sinn bannað að flytja hervopn eða hluta af þeim, svo og skotföng og öll önnur áhöld til hernaðar, er ætlazt er til, að fari til Kína.

Brot gegn banni þessu varða sektum frá 200 til 2000 kr., og ef ítrekað er, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

Um mál, er af þessu rísa, fer sem um opinber lögreglumál.

2. gr.

Ráðgjafa Íslands er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni, eptir því, í hvaða tilgangi vörurnar eru fluttar út.

3. gr.

Þegar svo kemur, að eigi þykir lengur þörf á að halda uppi útflutningsbanni þessu, skal nema það úr gildi, og má þá gjöra það með konunglegri tilskipun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eptir þessa eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. september 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov,

Nr. 21.
13de
Septbr.

hvorved

## det forbydes fra Island at udføre Vaaben og Ammunition til Kina.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Indtil videre forbydes det fra Island at udføre Krigsvaaben eller Dele af saadanne samt Krigsammunition og alt andet Krigsmateriel, for saa vidt disse Genstande ere bestemte til Kina.

Overtrædelser af dette Forbud straffes med Bøder fra 200—2,000 Kr. og i Gentagelsestilfælde med simpelt Fængsel indtil 6 Maaneder.

Sagerne behandles som offentlige Politisager.

§ 2.

Ministeren for Island bemyndiges til at tilstaa Undtagelser fra ovennævnte Forbud af Hensyn til det Øjemed, hvori Varerne udføres.

§ 3.

Naar Forholdene ikke skønnes længere at gøre Opretholdelsen af ovennævnte Udførselsforbud nødvendig, vil Forbudet være at hæve, hvilket kan ske ved kongelig Anordning.

§ 4.

Denne Lov træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de September 1901.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 13de September 1901.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*